

Dráttur sá, sem orðið hefur á rekstri máls þessa, stafar af því, hve erfitt hefur verið að hafa upp á ákærða. Þá var rannsóknardómarinn s. l. septembermánuð í sumarleyfi.

Rekstur málsins hefur því verið vitalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði Kristján Jón Magnússon sæti fangelsi í 3 mánuði. Hann er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði er sviptur rétti til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði Hjálmari Þorsteinssyni kr. 150.00 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 14. júní 1948.

Nr. 42/1948. **Valdstjórnin** (Hrl. Eggert Claessen)

gegn

Jóni Rafni Oddssyni og Guðmundi Bjarnasyni (Hrl. Ragnar Jónsson).

Brot gegn áfengis-, bifreiða- og umferðarlögum.

Dómur hæstaréttar.

Af hálfu ákæruvaldsins hefur ekki verið höfðað mál gegn kærðu fyrir neitt brot, er getur í XII., XIII., XIX. og XXIII. kafla almennra hegningarlaga.

Varhugavert þykir að telja nægilega sannað, að kærði Guðmundur Bjarnason hafi verið með áhrifum áfengis í ökuferð þeirri, sem í málinu greinir. Hins vegar var hann þátttakandi í hinni ófrjálsu töku bifreiðarinnar og réð ásamt félögum sínum notkun hennar í umræddri ökuferð. Hann samsinnti því, að kærði Jón Rafn, sem var með áhrifum áfengis, æki henni, og fékk kærði Guðmundur, eftir að hann hafði ekið bifreiðinni, kærða Jóni Rafni stjórn hennar. Hefur kærði Guðmundur með þessu gerzt sekur við 38. gr. laga nr. 23/1941. Að öðru leyti eru brot kærðu, sem lýst eru í héraðs-

dómi, rétt færð til refsíakvæða. Við ákvörðun refsingar ber að taka tillit til þess, að kærðu hafa með akstri sínum raskað umferðaröryggi á almannaleiðum svo og að kærði Jón Rafn hefur með hinum ofsalega akstri sínum vísvitandi stofnað lífi og limum lögreglumanna í hættu. Þykir refsing kærða Jóns Rafns hæfilega ákveðin fangelsi 7 mánuði og refsing kærða Guðmundar fangelsi 5 mánuði. Svo ber og að svipta kærða Jón Rafn bifreiðarstjóraréttindum ævilangt og kærða Guðmund rétti ævilangt til þess að öðlast ökuleyfi.

Kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Kærði Jón Rafn Oddson sæti fangelsi 7 mánuði og kærði Guðmundur Bjarnason fangelsi 5 mánuði.

Kærði Jón Rafn er sviptur bifreiðarstjóraréttindum ævilangt og kærði Guðmundur er sviptur ævilangt rétti til þess að öðlast ökuskirteini bifreiðarstjóra.

Kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Eggerts Claessens og Ragnars Jónssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 7. júlí 1947.

Ár 1947, mánudaginn 7. júlí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Loga Einarsyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2344—2345/1947: Valdstjórnin gegn Jóni Rafni Oddssyni og Guðmundi Bjarnasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. júní s. l., er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Rafni Oddssyni verkamanni, Vesturgötu 3, til refsingar, sviptingar bifreiðarstjóraréttinda og greiðslu sakarkostnaðar, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, umferðalögum nr. 24 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930 og gegn Guðmundi Bjarnasyni rafvirkjanema, Bergþórugötu 12, til refsingar,

sviptingar réttinda til að öðlast ökuskirteini og greiðslu sakarkostnaðar, fyrir brot gegn bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Kærðu eru komnir yfir lögaldur sakamanna. Kærði Jón Rafn er fæddur 24. maí 1926 að Þykkvabæjarklaustri í Álftaveri, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1943 $1\frac{1}{2}$ Sátt. Áminning fyrir að tvímenna á reiðhjóli.

1944 $2\frac{1}{2}$ Sátt. 10 kr. sekt fyrir að hjóla á ljóslausu reiðhjóli.

1945 $\frac{3}{4}$ Sátt. 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1947 $\frac{3}{8}$ Sátt. 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Kærði Guðmundur Bjarnason er fæddur 27. marz 1927 í Reykjavík. Hann hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1939 $2\frac{3}{4}$ Áminning fyrir snjókast.

1941 $\frac{3}{4}$ Áminning fyrir óknytti.

1941 $\frac{1}{2}$ Áminning fyrir brot gegn umferðarreglum.

1945 $1\frac{1}{4}$ Sátt, 200 kr. sekt og 175 kr. skaðabætur fyrir slagsmál.

1946 $2\frac{3}{4}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot gegn umferðarlögum og lögreglusamþykkt.

1946 $1\frac{1}{2}$ Dómur lögregluréttar, 15 daga varðhald og sviptur rétti til að öðlast ökuskirteini í 6 mánuði, fyrir brot gegn áfengislögunum, bifreiðalögunum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Málavextir eru þeir er nú skal greina:

Föstudaginn langa, 4. apríl s. l. um 5 leytið um eftirmiðdaginn, hittust á heimili kærða, Guðmundar Bjarnasonar, Bergþórugötu 12, félagar hans, kærði Jón Rafn Oddsson, Valdimar Ottesen, bifreiðarstjóri, Bragagötu 38, Guðmundur Samúel Halldórsson, verkamaður skála 61 á Skólavörðuholti, og Júlíus Kristjánsson, verkamaður, Óðinsgötu 20, en þar áttu þeir geymdar 4 flöskur af brennivíni. Settust þeir við drykkju og dvöldust þarna til klukkan að verða tólf um kvöldið. Kærði Guðmundur Bjarnason hefur þó neitað því að hafa neytt nokkurs áfengis, enda ekki mátt það, þar eð hann var haldinn kynsjúkdómi. Félagar hans hafa einnig borið, að þeir viti ekki til þess, að hann hafi bragðað vín. Er því ósannað, að kærði Guðmundur hafi neytt áfengis þetta kvöld. Um klukkan 12 fóru þeir áleiðis niður í miðbæ og gengu eftir Laugavegi. Kærði Jón Rafn og Valdimar Ottesen gengu eftir nyrðri gangbraut Laugavegar, en hinir eftir þeirri syðri, og voru nokkurn spöl á undan. Á móts við Laugaveg 18 á nyrðri helming akbrautarinnar stóð fólksbifreiðin R 4318, mannláus, og var vél hennar í gangi. Settist kærði Jón Rafn við stýri hennar, en Valdimar við hlið hans, og ók Jón henni ljóslausri, nema hvað logaði á „parkljóskerum“ hennar, niður á Skúlagötu, og stöðvaði hana hjá Kveldúlfsbryggju, þaðan gengu þeir að Lækjartorgi og hittu þar féлага sína, kærða Guðmund Bjarnason og Guðmund Samúel Halldórsson, en Júlíus Kristjánsson hafði skilið við þá þar, og hitti þá ekki aftur þetta kvöld eða um nóttina. Þeir félagar gengu

nú aftur að bifreiðinni og fóru allir upp í hana. Ók kærði Jón Rafn, sem hefur viðurkennt að hafa verið með áhrifum áfengis, en kveðst þó ekki hafa verið mikið drukkinn, henni áleiðis út úr bænum. Kveða þeir kærðu Guðmundur og Guðmundur Samúel, að þeim hafi þá verið ljóst, að bifreiðin var tekin í heimildarleysi.

Eigandi bifreiðarinnar R 4318, Hjalmtýr Pétursson kaupmaður, Grenimel 7, hefur skýrt svo frá, að hann hafi skilið bifreiðina eftir og haft vél hennar í gangi, meðan hann fór inn í verzlunina Nonni á Laugaveg 18 til að sækja þangað böggul. Ekki kveðst hann hafa verið nema tvær til þrjár mínútur inni í verzluninni, en er hann kom aftur út, hafi bifreiðin verið horfin. Fór hann strax á lögreglustöðina, tilkynnti hvarf bifreiðarinnar og bað um, að lögregluvörður yrði settur við vegina út úr bænum, en Guðmundur Pálsson Kolka verzlunarmaður, Hávallagötu 45, hafði einnig komið á lögreglustöðina til að tilkynna töku bifreiðarinnar. Hafði hann séð, er tveir menn, sem hann ekki þekkir, fóru upp í bifreiðina og óku henni frá Laugavegi 18. Hjalmtýr Pétursson og Hjörtur Hafsteinn Hjartarson lögregluþjónn fóru svo í leigubifreiðinni R 1220, en henni ók Eiríkur Guðjónsson bifreiðarstjóri, Skarphéðingsgötu 10, til að reyna að hafa upp á bifreiðinni R 4318. Óku þeir inn að Elliðaám og sneru bifreiðinni R 1220 þar við og biðu nokkra stund. Sáú þeir hvar bifreiðinni R 4318 var ekið austur Suðurlandsbraut og upp veginn í áttina að Grafarholti. Eltu þeir hana og sáu hvar hún hafði verið stöðvuð hjá Grafarholti. Hafði Jón Rafn ekið henni þangað, en nú tók kærði Guðmundur við stjórn hennar. Er Hjalmtýr Pétursson og samfylgdarmenn hans náguðust bifreiðina R 4318, var henni ekið mjög hratt áfram upp Mosfellsdalinn, og náðu þeir henni ekki, en kærði Guðmundur kveðst hafa ekið á allt að 70 km. hraða miðað við klukkustund. Fóru þeir því að Seljabrekku og hringdu austur að Selfossi og sögðu frá ferðum bifreiðarinnar, en kærði Guðmundur ók henni upp fyrir Svanastaði, þar sem henni var snúið við. Þar festist hún í snjóskafli, og var erfitt að ná henni upp, enda engar snjókeðjur á hjólum hennar. Hált mun hafa verið fyrir utan bæinn, en götur að mestu auðar í bænum, og því ekki ástæða til að hafa snjókeðjur á hjólum bifreiða þar. Hjá Svanastöðum tók kærði Jón Rafn svo aftur við stjórn bifreiðarinnar og ók henni eftir það, meðan hann og félagar hans voru í henni. Ók hann sem leið liggur til bæjarins. Nokkru fyrir ofan Seljabrekku slökkti hann á ljóskerum bifreiðarinnar, þar sem hann grunaði, að lögregluþjónar væru þar í grennd. Kveðst kærði Jón hafa séð lögregluþjón þarna á leið upp á þjóðveginn, og hafi hann gefið merki um að nema staðar, en kærði Jón Rafn sinnti því ekki og ók áfram. Síðan kveikti hann aftur á ljóskerum bifreiðarinnar. Hjörtur Hafsteinn Hjartarson lögregluþjónn hefur borið það, að hann hafi staðið á miðjum þjóðveginum og gefið bifreiðarstjóranum, sem ók hratt, merki um að nema staðar, en hann ekki sinnt því og ekið áfram. Segir Hjörtur Hafsteinn, að hann hafi aðeins með

naumindum forðað sér frá því að verða undir bifreiðinni. Sama hafa þeir Hjálmtyr Pétursson og Eiríkur Guðjónsson borið. Kærði Jón Rafn kveður aftur á móti, að lögregluþjónninn hafi verið fyrir utan þjóðveginn og því ekki í neinni hættu, og hið sama hafa félagar hans borið, nema Valdimar Ottesen, sem segir, að lögregluþjónninn hafi orðið að henda sér frá bifreiðinni til að forða sér. Eftir þetta missti Hjálmtyr og samferðamenn hans alveg af bifreiðinni. Hringdu þeir á lögreglustöðina í Reykjavík og báðu um að lögregluþjónar yrðu sendir inn að Elliðaám á móti bifreiðinni R 4318.

Lögregluþjónarnir Jóhannes Björgvinsson og Jónas Jónasson fóru í bifreið upp fyrir bröttu brekkuna fyrir austan Elliðaár, þar sem þeir námu staðar. Sáu þeir hvar bifreiðinni R 4318 var ekið með fullum ljósum í áttina til bæjarins. Segjast þeir hafa staðið á miðri akbrautinni og gefið bifreiðarstjóranum merki um að nema staðar, en hann hafi ekki sinnt því, ekið mjög hratt og minnstu hafi munað, að þeir gætu forðað sér. Segir Jóhannes, að bifreiðinni muni hafa verið ekið mikið yfir 100 km hraða miðað við klukkustund, en Jónas telur, að henni hafi ekki verið ekið undir 80 km hraða miðað við klukkustund. Þeir veittu nú bifreiðinni eftirför og óku á yfir 100 km hraða miðað við klukkustund, en misstu samt af henni, enda bilaði bifreið sú, sem þeir voru í. Kærði Jón Rafn segist hafa ekið mjög hratt eftir að honum hafði verið gefið merki um að nema staðar fyrir ofan Elliðaár, en leit þó aldrei á hraðamæli bifreiðarinnar. Bæði hann og félagar hans, kærði Guðmundur Bjarnason og Guðmundur Samúel, segja, að lögregluþjónunum hafi engin hættu verið búin af akstri kærða Jóns, enda hafi þeir staðið á vegarkantinum, en Valdimar Ottesen segir lögregluþjónana hafa getað forðað sér með því að hlaupa frá bifreiðinni. Kærði Jón Rafn kveðst hafa slökkt á ljóskerum bifreiðarinnar nokkru áður en hann ók fram hjá lögregluþjónunum, og hefur Valdimar einnig borið þetta, en kærði Guðmundur og Guðmundur Samúel eru ekki vissir um þetta. Lögregluþjónarnir segjast ekki hafa séð að slökkt hafi verið á ljóskerunum. Ólafur Jón Simonarson lögregluþjónn fór nokkru á eftir þeim Jóhannesi Björgvinssyni og Jónasi Jónassyni í „jeppa-bifreið“ að leita bifreiðarinnar R 4318. Í Sogamýrinni mætti hann henni, en þá var logandi á ljóskerum hennar og henni ekið mjög hratt. Sneri Ólafur Jón við og veitti bifreiðinni R 4318 eftirför, og kveðst ekki hafa náð henni, þótt hann æki á 60 til 65 km hraða miðað við klukkustund. Kærði Jón Rafn ók svo niður að Rauðarárstíg á 60 til 70 km hraða miðað við klukkustund, að því er hann segir, og suður undir Eskihlíð, þar sem þeir félagar skildu við bifreiðina, skammt frá Miklubraut, þar sem hún fannst daginn eftir.

Hjálmtyr Pétursson, eigandi bifreiðarinnar R 4318, krafðist 2500.00 króna skaðabóta af hinum kærðu, og hafa þeir þegar greitt bætur þessar, en ekki hefur hann krafizt, að þeim yrði refsað fyrir hina óheimilu töku bifreiðarinnar.

Kærði Jón Rafn Odsson hefur gerzt brotlegur við 21., sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 23. sbr. 39. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941. Með mjög hröðum og ógætilegum akstri hefur hann gerzt brotlegur við 2., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga, 2. gr., 3. mgr. 4. gr., sbr. 14. gr. umferðalaga nr. 24 16. júní 1941 og 46. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Þá hefur kærði, með því að aka bifreiðinni ljóslausri, snjókeðjulausri og sinna ekki stöðvunarmerki lögregluþjóna, gerzt brotlegur við 1. mgr. 7. gr., 2. mgr. 27. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga, 43. gr., 10. gr., 1. mgr. 28., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing kærða Jóns Rafns Oddssonar hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga.

Brot kærða Guðmundar Bjarnasonar varða við 2. og 4. mgr. 26. gr., 1. og 2. mgr. 27. gr., 1. mgr. 20. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga og 45. gr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Refsing kærða Guðmundar Bjarnasonar þykir, með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 45 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 21. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga þykir bera að svipta kærða Jón Rafn Oddsson bifreiðarstjóraréttindum í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga þykir bera að svipta kærða Guðmund Bjarnason rétti til að öðlast ökuskiireini bifreiðarstjóra í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Hina kærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

D ó m s o r ð :

Kærði Jón Rafn Oddsson sæti varðhaldi í 60 daga.

Kærði Guðmundur Bjarnason greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði Jón Rafn Oddsson er sviptur bifreiðarstjóraréttindum í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærði Guðmundur Bjarnason er sviptur rétti til að öðlast ökuskiireini bifreiðarstjóra í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Hinir kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.